

G J A L D S K R Á

Hitaveitu Húsavíkur.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Húsavíkur selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Húsavík og Reykjahreppi eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð staðfestri 25. maí 1970 um hitaveitu og hitalagnir í Húsavík.

2. gr.

Hitaveita Húsavíkur lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni, hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

A. Fastagjald kr. 600.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

B. Vatnsgjald kr. 1 330.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

5. gr.

Vilji notandi fá meira rennsli í kranavatnslögn en er á miðstöðvarkerfi getur hann fengið sérskammtara á kranavatnslögn hiá hitaveitunni. Kranavatnsskammtarar í sambandi við aðalhemil eru af 4 gerðum og gefa þeir eftirfarandi rennsli-
blutföll milli miðstöðvarkerfis og kranavatnslagnar:

A	1.00/1.0
B	0.95/1.3
C	0.90/1.7
D	0.85/2.8

Vatnsskammtur notanda (gjaldskammtur) er í þessum tilvikum reiknaður 1.0.

6. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín annan hvern mánuð og skulu þau greiddast til innheimtumanns eða í Landsbanka Íslands í Húsavík. Gjalddagi er við framvísun

reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 7 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

7. gr.

Heimædagjald Hitaveitu Húsavíkur skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

- a. Fyrir hús, sem hafa oliu-, kola- eða rafmagnskynditæki fyrir 1. október 1970.
 Hús allt að 300 m³ að utanmáli kr. 120 270.00.
 Hús 300—2 000 m³ að utanmáli kr. 120 270.00 fyrir 300 m³ og 130 kr. á hvern rúmmetra þar yfir.
 Hús stærri en 2 000 m³ að utanmáli kr. 341 270.00 fyrir 2 000 m³ og 104 kr. á hvern rúmmetra þar yfir.

- b. Fyrir önnur hús.

Hús allt að 300 m³ að utanmáli kr. 172 560.00.
 Hús 300—2 000 m³ að utanmáli kr. 172 560.00 fyrir 300 m³ og 156 kr. á hvern rúmmetra þar yfir.
 Hús stærri en 2 000 m³ að utanmáli kr. 437 760.00 fyrir 2 000 m³ og 130 kr. á hvern rúmmetra þar yfir.

Stofngjald fyrir hvern aðalrennslisheimil umfram einn á sama inntaki er kr. 18 300.00.

8. gr.

Gjöld skv. 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 2510 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

IV. KAFLI

9. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, svo sem heypurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

10. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveita Húsavíkur hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný, greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 750.00 í hvert skipti.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Húsavíkur skal hvenær sem er friáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skvilt að hlíta tafarlaust fyrirætlum hans um viðgerðir á hilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967. til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut

eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 285 18. desember 1970 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 16. júní 1977.

F. h. r.

Árni P. Árnason.

Kristmundur Halldórsson.

22. júní 1977.

Nr. 260.

REGLUGERÐ

um búfjárhald í Grundarfirði.

1. gr.

Búfjárhald (nautgripa, hrossa, svína, geita, sauðfjár og alifugla) er óheimilt innan afgirts skipulagðs lands Grundarfjarðar, nema með sérstöku leyfi hreppsnefndar. Allt búfjárhald í kaupþúninu er þó gjaldskytt samkvæmt 5. gr.

2. gr.

Sá sem hyggst sækja um leyfi samkvæmt 1. grein skal senda skriflega umsókn til hreppsnefndar. Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda búfjárins, geymslu þess og öðru er máli skiptir um öryggi þess og aðhald.

3. gr.

Telji hreppsnefnd að skilyrði séu fyrir hendi skal hún veita leyfið, (til lengri eða skemmri tíma). Má veita það ákveðinn tíma eða tiltaka ákveðinn frest til afturköllunar. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár t. d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, má afturkalla leyfið að undangenginni aðvörun.

4. gr.

Ef maður heldur búfé án heimildar sem reglugerð þessi nær til, skal lögreglustjóri hlutast til um að það sé tekið úr vörslu hans og er heimilt að selja það á uppboði eða slátra því að undangenginni aðvörun. Sama gildir ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjárins, þannig að það veldur tjóni eða óþrifum.

5. gr.

Hreppsnefnd getur ákveðið að greiða skuli í sveitarsjóð gjald fyrir veitt leyfi þó eigi hærra en kr. 1 000 á ári. Gjaldi þessu sé varið til vörslu á landi kaupsþúnsins.

6. gr.

Hreppsnefnd skal skytt að láta gera búfjárhelda girðingu umhverfis byggð í kaupþúninu og skipuleggja landssvæði fyrir búfjárhald utan þeirra marka. Stefnt skal að því að allt búfjárhald flytjist út fyrir ofangreinda girðingu, eigi síðar en 1. okt. 1977 enda hefur hreppsnefnd Eyrarsveitar áður gefið umbóttunartíma til 2ja ára sem rann út 15. júlí 1976.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 5 000. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Eyrarsveitar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964, um búfjárhald í kaupstöðum